

Fundargerð 159. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands

159. /15. fundur Heilbrigðisnefndar Austurlands
8. desember 2020 kl 9:00

Heilbrigðisnefndarmenn:

Jón Björn Hákonarson
Gunnhildur Imsland
Benedikt Jóhannsson
Kristín Ágústdóttir

Stefán Bogi Sveinsson
Helgi Hlynur Ásgrímsson
Sandra Konráðsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson

Lára Guðmundsdóttir

Dagskrá:

1	Bókuð útgefin starfsleyfi.....	916
2	Verkaskipting heilbrigðisnefndar.	917
3	Málefni einstakra fyrirtækja / starfstöðva.....	918
4	Sala matvæla sem framleidd eru í heimahúsum.....	918
5	Starfsemi HAUST á árinu	919
6	Athugasemdir við stofnsamning HAUST bs.	919
7	Vinna milli funda.....	919
8	Önnur mál.....	920

1 Bókuð útgefin starfsleyfi

690-691 Vopnafjörður

- a) **Vopnafjarðarhreppur**, kt. 710269-5569. Endurnýjun á starfsleyfi fyrir **íþróttahús, líkamsrækt og sólbaðsstofu að Lónabraut 16**. Leyfi útgefið 24.11.2020.

700-701 Múlaþing - Fljótsdalshérað

- b) **Guðni Þórðarson**, kt. 120167-3759. Starfsleyfi fyrir **litla matvælavinnslu** í félagsheimilinu **Arnhólsstöðum** í Skriðdal. Leyfi útgefið 20.10.2020.
- c) **Eiðar ehf.**, kt. 430912-0700. Breyting á starfsleyfi fyrir **gistað að Eiðavöllum 6 og Vallnaholti 8**. Leyfi útgefið 27.10.2020.
- d) **Boði Stefánsson**, kt. 100562-4059. Endurnýjun á starfsleyfi fyrir **meindýravarnir og eyðingu meindýra**. Leyfi útgefið 11.11.2020.
- e) **Múlaþing**, kt. 660220-1350. Breyting á starfsleyfi fyrir **íþróttamiðstöðina á Egilsstöðum Tjarnarbraut 26, íþróttahús, sundlaug og líkamsrækt**. Leyfi útgefið 13.11.2020.
- f) **Múlaþing**, kt. 660220-1350. Endurnýjun á starfsleyfi fyrir **félagsmiðstöðina Nýung, Tjarnarlöndum 11**. Leyfi útgefið 20.11.2020.
- g) **Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.**, 470605-1110. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **neysluvatnsveitu við Brúarás** í Jökulsárhlíð. Leyfi útgefið 1.12.2020.
- h) **Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.**, 470605-1110. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **neysluvatnsveitu á Eiðum**. Leyfi útgefið 1.12.2020.
- i) **Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.**, 470605-1110. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **neysluvatnsveitu á Hallormstað**. Leyfi útgefið 1.12.2020.
- j) **Guðmundur Jóhann Guðmundsson**, kt. 020766-3609. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **neysluvatnsveitu að Hjaltastað**. Leyfi útgefið 4.12.2020.

710 Múlabing - Seyðisfjörður

k) **LungA Skólinn**, kt. 660213-1200. Starfsleyfi fyrir **lýðháskóla í Herðubreið**. Leyfi útgefið 14.10.2020.

765 Múlabing – Djúpivogur

l) **Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**, kt. 410169-4369. Starfsleyfi fyrir **áfengisverslun á Búlandi 1**. Leyfi útgefið 12.11.2020.

730 Fjarðabyggð – Reyðarfjörður

m) **CF730 ehf.**, kt. 420419-0820. Tímabundið starfsleyfi fyrir **líkamsræktarstöð að Strandgötu 1**. Leyfi útgefið 22.10.2020 með gildistíma til 22.1.2021.

n) **Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**, kt. 410169-4369. Starfsleyfi fyrir **áfengisverslun á Hafnargötu 2**. Leyfi útgefið 28.10.2020.

o) **Alcoa Fjarðaál sf.**, kt. 520303-4210. Endurnýjun á starfsleyfi fyrir **geymslu á 8000 tonnum á raflausnarefni að Hrauni 10**. Leyfi útgefið 20.11.2020.

p) **Launafli ehf.**, kt. 490606-1730. Tímabundið starfsleyfi fyrir **niðurrif á byggingarluta sem inniheldur asbest að Nesgötu 5, 740 Neskaupstað**. Gildistími starfsleyfis 2.12.2020 – 2.12.2021.

735 Fjarðabyggð – Eskifjörður

q) **Agnieszka Kula**, kt. 051178-3359. Starfsleyfi fyrir **húðflúrstofu að Strandgötu 50**. Leyfi útgefið 16.10.2020.

r) **Ingunn Eir Andrésdóttir**, kt. 150783-4029. Endurnýjun á starfsleyfi fyrir **Snyrtistofu Ingunnar að Strandgötu 26**. Leyfi útgefið 17.11.2020.

s) **Ásdís Sigurðardóttir** kt. 120270-4279. Breyting á starfsleyfi fyrir **veitingasölu í skíðaskálanum Oddskarði**. Leyfi útgefið 2.12.2020.

740 Fjarðabyggð – Neskaupstaður

t) **Héraðsverk ehf.**, kt. 680388-1489. Starfsleyfi fyrir **starfsmannabúðir með mótuneyti við Urðarbotna**. Leyfi útgefið 13.11.2020.

750 Fjarðabyggð – Fáskrúðsfjörður

u) **Fjarðabyggð**, kt. 471098-2099. Starfsleyfi fyrir **söfnunarstöð/gámavöll að Nesvegi 13**. Leyfi útgefið 28.10.2020.

v) **Meta ehf.**, Kt. 550606-0620. Starfsleyfi fyrir **söfnun og flutningi á sérstökum úrgangi og seyru. Starfsstöð: Hlíðargata 16**. Leyfi útgefið 28.11.2020.

w) **Skeljungur hf.**, Kt. 590269-1749. Endurnýjun á starfsleyfi fyrir **sjálfsafgreiðslubensinstöð að Búðavegi 60**. Leyfi útgefið 2.12.2020.

755 Fjarðabyggð – Stöðvarfjörður

x) **Fjarðabyggð**, kt. 471098-2099. Starfsleyfi fyrir **söfnunarstöð/gámavöll á Byrgisnesi**. Leyfi útgefið 28.10.2020.

780-781 Höfn.

y) **Funaborg ehf.**, kt. 620915-1650. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **sölu á veitingum að Víkurbraut 2**. Leyfi útgefið 9.10.2020.

z) **Frá haus að hala ehf.**, 420307-1600. Starfsleyfi fyrir **matvöruverslun með vinnslu að Krossey, Krosseyjarvegi 2**. Leyfi útgefið 9.11.2020.

aa) **Festivus ehf.**, kt. 530115-0700. Endurnýjað og breytt starfsleyfi vegna **sölu á veitingum að Hafnarbraut 2**. Leyfi útgefið 3.12.2020.

Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu allra ofangreindra starfsleyfa.

2 Verkaskipting heilbrigðisnefndar.

Í kjölfar sameiningar Borgarfjarðarhrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps í Múlabing urðu mannabreytingar í heilbrigðisnefnd á aðalfundi HAUST þann 28. október sl. og lét þá m.a. Davíð Þór Sigurðarson varaformaður af nefndarsetu. Jón Björn lagði til að Stefán Bogi Sveinsson yrði varaformaður í stað Davíðs og var það samþykkt samhljóða.

3 Málefni einstakra fyrirtækja / starfstöðva

3.1 Mjólkursamsalan á Egilsstöðum

Fyrirtækið fékk frest til 1. desember sl. til þess að ljúka framkvæmdum í tengslum við hreinsun fráveituvatns eða leggja fram tímasetta úrbótaáætlun. Í úrbótaáætlun sem barst frá fyrirtækinu þann 24. nóvember sl. kemur m.a. fram að lokahluti framkvæmda hefur tafist nokkuð, m.a vegna þess að ferðalög tæknimanna á milli landa hafa ekki verið möguleg að undanfögnu. Þá hafa strangar umgengnisreglur gilt um aðgengi að afurðastöðvum. Einnig hafa orðið tafir á afhendingu á búnaði erlendis frá. Jafnframt kemur fram að áætlanir fyrirtækisins geri ráð fyrir því að úrbótum verði lokið fyrir lok árs 2021 en það ræðst þó af því hver framvinda Covid-19 faraldursins verður.

Heilbrigðisnefnd hefur fullan skilning á ástæðu þeirra tafa sem orðið hafa á lokahluta framkvæmanna og samþykkir framlagða úrbótaáætlun. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að úrbótum verði lokið svo fljótt sem verða má.

3.2 Dagsverk við Vallaveg á Egilsstöðum

Nokkuð hefur verið um kvartanir og ábendingar varðandi umgengni á lóð Dagsverks við Vallaveg að undanfögnu. HAUST hefur í tvígang gert athugasemdir við umgengni á lóðinni án sjáanlegra viðbragða frá fyrirtækinu.

Heilbrigðisnefnd veitir fyrirtækinu frest til 1. febrúar 2021 til þess að ljúka upphreinsun á lóðinni eða leggja fram tímasetta úrbótaáætlun. Heilbrigðisnefnd vekur sérstaka athygli á því að mikil og bráð hætta getur skapast í nærliggjandi íbúabyggð ef eldur kemur upp á lóðinni og því þarf að setja upphreinsun á hjólbörðum og öðrum brennanlegum efnum í forgang.

3.3 Timburvinnsla Tandrabergs á Eskifirði

Að undanfögnu hafa kvartanir og ábendingar borist vegna ryks og reyks frá timburvinnslu Tandrabergs á Eskifirði. Fyrirtækinu var gefinn á kostur á að skila inn úrbótaáætlun fyrir fundinn og barst hún þann 6. desember sl. ásamt greinargerð um framleiðsluferli og vinnslu. Áætlunin gerir ráð fyrir að endurbótum á rykhreinsibúnaði verði lokið í ársbyrjun 2021 og þar með komið í veg fyrir að ryk og sótagfir berist út í umhverfið.

Heilbrigðisnefnd samþykkir úrbótaáætlun Tandrabergs og felur heilbrigðisfulltrúa að staðfesta úrbætur með skoðun fyrir 1. febrúar. Jafnframt samþykkir nefndin að eftirlit með starfsemi fari fram árlega þar til annað verður ákveðið.

4 Sala matvæla sem framleidd eru í heimahúsum

Nokkrar ábendingar hafa borist á undanfögnu vikum um einstaklinga sem auglýst hafa matvæli framleidd í heimahúsum til sölu á samfélagsmiðlum. HAUST hefur farið þess á leit við viðkomandi að þeir stöðvi starfsemi sína enda er ekki leyfilegt að selja matvæli í eigin hagnaðarskyni nema viðkomandi hafi starfsleyfi frá lögbæru yfirvaldi.

Heilbrigðisnefnd bendir á að samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 580/2012 (smáræðisreglugerðar) er heimilt að selja matvæli sem framleidd eru í heimahúsum ef starfsemi er ekki samfelld heldur tilfallandi, lýtur ekki sérstöku skipulagi og er ekki rekin í eigin hagnaðarskyni. Gildir þetta til að mynda um tilfallandi fjáröflun frjálsra félagasamtaka. Hins vegar er óheimilt að selja slík matvæli í eigin hagnaðarskyni og áréttar heilbrigðisnefnd að slíka starfsemi skal stöðva þar til viðeigandi leyfa hefur verið aflað.

5 Starfsemi HAUST á árinu

Heimsfaraldur Covid-19 hefur sett mark sitt á starfsemi HAUST á árinu 2020 rétt eins og alla heimsbyggðina. Ljóst er að ekki næst að ljúka eftirliti ársins í samræmi við eftirlitsáætlun sem samþykkt var í upphafi árs, bæði vegna þess að starfsemi margra fyrirtækja hefur verið takmörkuð og þá hafa einhverjar starfsstöðvar ekki verið heimsóttar vegna samkomutakmarkana og sóttvarna. Lögð hefur verið áhersla á að taka þau sýni sem áætlað var, sinna kvörtunum og öðrum tilfallandi verkefnum. Það stefnir í að tekjur HAUST skerðist nokkuð miðað við það sem áætlað var en á móti kemur að kostnaður vegna ferðalaga og launa verður lægri en ráð var fyrir gert.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra, í samráði við formann og varaformann, að endurmeta íbúuframlag aðildarsveitarfélaganna vegna ársins 2020, með það til hliðsjónar að framlagið standi undir þeim kostnaði sem mælt er fyrir um í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6 Athugasemdir við stofnsamning HAUST bs.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur látið skoða hvort samningar sem tengjast samvinnu sveitarfélaga sín á milli séu í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. Múlaþing hefur komið athugasemdum ráðuneytisins varðandi stofnsamning Byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands á framfæri við HAUST ásamt tillögum verkefnisstjóra sveitarfélagsins að viðbrögðum við athugasemdum.

Heilbrigðisnefnd þakkar framkomnar athugasemdir og tillögur að úrbótum. Framkvæmdastjóra er falið að útfæra tillögurnar nánar, í samráði við formann og varaformann, og senda tillögur að breyttum stofnsamningi til umfjöllunar í aðildarsveitarfélögum og að því loknu til ráðuneytisins.

7 Vinna milli funda

Umsagnir um skipulagsmál:

- 7.1 Umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030. Efnistökusvæði í Stafdal.
- 7.2 Umsögn um að tillögu að matsáætlun vegna Fjarðarheiðarganga.
- 7.3 Umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 og gerð deiliskipulags vegna snjóflóðavarna undir Bjólfi.
- 7.4 Umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi miðhluta hafnarsvæðis á Vopnafirði - Hverfisvernd aflétt af Hafnarbyggð 16 vegna niðurrifs.
- 7.5 Umsögn um vinnslutillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 og vinnslutillögu vegna nýs deiliskipulags vegna veiðihúss í Ytri-Hlíð.

Aðrar umsagnir:

- 7.6 Umsögn um ótímabundna undanþágu frá reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, að ekki megi hleypa gæludýrum inn á gististaði í flokki II, III og IV – Fosshótel Austfirðir, Fosshótel Vatnajökull og Fosshótel Jökulsárlón.
- 7.7 Umsögn um frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði.
- 7.8 Umsögn um fyrirhugaða breytingu á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun í Fáskrúðsfirði.
- 7.9 Umsögn vegna stækkunar á Hótel Blábjörgum, Borgarfirði eystri.
- 7.10 Umsögn um teikningar af Sköpunarmiðstöðinni, Stöðvarfirði.
- 7.11 Umsögn um gistihús við Blábjörg í Álfafirði.
- 7.12 Umsögn um fyrirhugaðar breytingar á Vesturvegi 4 á Seyðisfirði.

8 Önnur mál

8.1 Stöðuskýrsla fráveitumála á Íslandi 2018

Drög að stöðuskýrslu, unnin á vettvangi vatnasvæðanefndar, eru tilbúin og voru lögð fram til kynningar.

Innihald skýrslunnar kemur Heilbrigðisnefnd ekki á óvart enda ljóst að mikið verkefni er framundan í fráveitumálum sveitarfélaga og ljóst að það verður ekki leyst nema með aðkomu ríkisvaldsins.

8.2 Umgengni og þrífnaður á starfssvæði HAUST

Nokkur umræða skapaðist um umgengi og þrífnað á svæðinu og aðkomu heilbrigðiseftirlits og sveitarfélaganna að málaflokknum, m.a. í tengslum við hreinsunarátök. Samþykkt að ræða málið frekar á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 10:15

Fundargerðin færð í tölvu og send fundarmönnum í tölvupósti til staðfestingar. Fundargerðin verður undirrituð á næsta snertifundi.

Jón Björn Hákonarson

Stefán Bogi Sveinsson

Helgi Hlynur Ásgrímsson

Kristín Ágústsdóttir

Benedikt Jóhannsson

Sandra Konráðsdóttir

Leifur Þorkelsson

Gunnhildur Imsland